

Samantekt Fræðslu- og umræðukvöld foreldra Tölvur og örugg netnotkun barna og unglunga

2. TÖLVUR OG ÖRUGG NETNOTKUN BARNNA OG UNGLINGA

fulltrúi frá SAFT

- tölfraedin, einelti á netinu, tölvufíkn, samskiptasíður, hvað ber að varast og heilræði.

Mikilvægt að foreldrar kenni börnum sínum á netið / kenni þeim ábyrga netnotkun – brýna fyrir börnum ef þau koma óvart inn á ljótar síður eigi þau strax að x-a út – loka henni.

GÓÐ RÁÐ – facebook – vera vakandi ! - 13 ára aldurstakmark

*ekki setja neitt inn, nema það sem allir mega sjá *ekki samþykkja neinn á FB nema vita 100% hver hann er

*ekki hanga á FB – rannsóknir sýna að aukin notkun hefur áhrif á námsárangur, *FB truflar, er ávanabindandi

* hér gilda ekki aðrar reglur en í lífinu almennt

15 % barna hefur orðið fyrir neteinelti - 88% barna hafa ekki sett inn ljót orð

Í sveitarfélögum á Íslandi er verið að vinna tilraunaverkefni með 8. bekinga og rafræn skilríki á netinu. SAFT vonast til þess að rafræn skilríki sé það sem koma skal.

*MSN og Facebook – spjall ekki samþykkja neinn sem þú þekkir ekki.

Til eru leikir á netinu, þar sem er boðið er upp á spjall meðfram – NB! Aldrei gefa upp persónulegar upplýsingar um sig, til eru dæmi hérlendis um slæmar afleiðingar þess.

23 % íslenskra barna í 6-10. bekk segjast hafa hitt einhvern sem þau hafi kynnst á netinu.

96,9% foreldra segja að börn sín hafi aldrei farið og hitt einhvern sem þau hafi kynnst netinu.

Þarna er mikið ósamræmi, börnin og unga fólkið segja þegar þú eru spurð, “glætan að ég segi mömmu og pabba frá því að ég sé að fara hitta einhvern sem ég kynntist á netinu”.

*Police Fury og Ninja Rinse out - Call of duty, Unreal tournament, World of warcraft– dæmi um afar ofbeldisfulla leiki

Skv. nýlegri könnun eru 11% 9.- bekinga 7 tíma eða meira í tölvunni á hverjum degi. Meðalnotkun 8. – 10 bekk er 40klst á viku.

Tölvufíkn er verða aðal orsök brottfalls í framhaldsskólum í dag.

YNGRI BÖRNIN, FARA MEÐ ÞEIM Í TÖLVUNA, SPILA MEÐ ÞEIM, KYNNNA SÉR HVAD ÞAU ERU AÐ GERA.

*Leikjanet, þar eru ýmsir leikir sem eru alls ekki við hæfi yngri barna, ef þau fá frjálsar hendur með notkun er hægt að fylgjast með í reit neðar á síðunni “leikir sem þú hefur spilað nýlega:” þ.e. ef þau hafa ekki hreinsað slóð sína.

*MSN leiðbeiningar til foreldra frá foreldri í Holtaskóla. <http://holtaskoli.is/Foreldrar/>

*Netvarinn <http://www.siminn.is/netvari-simans/> Þeir sem eru með netáskrift hjá símanum ættu að kynna sér þetta. Hægt að loka á óæskilegar síður, lokar á krakkana. Foreldrar hafa aðgangsorð.

*Parental Control Bar www.parentalcontrolbar.org hægt að sækja á netinu, mjög sniðugt hjálpartæki – þú ákveður hvað þú vilt leyfa börnunum að skoða. Leiðbeiningar inn á saft.is, þarna er einnig tímastillir, slokknar hreinlega á tölvunni þegar tíminn er útrunninn, einnig hægt að læsa tölvunni á vissum tímum.

Æskilegt er að foreldrar setji börnum sínum skorður hvað varðar tölvu – og netnotkun alveg frá 5 ára aldri

Skv. rannsóknnum eru börn byrjuð að fara inn á internetið 5 ára en flest byrja þau um 9 ára aldurinn.

ÖMMUREGLAN – gott að beita henni varðandi tölvunotkun barnanna. “Fyrst að vinna svo að chilla”

Fyrst að gera heimalærdóm, eða þær skyldur sem barnið hefur á heimilinu og síðan í tölvuna.

http://www.gopfrettir.net/rfk/ofvirkni/greinar/Gylfi_Jon_Gylfason/030217a_Ommureglan.htm

MAX 2 tímar í tölvunni í dag – og það er engin ástæða til að lengja tímann þegar barnið eldist.

5-9 ára dæmi um sniðuga leiki

*club penguin, <http://www.clubpenguin.com/membership/> (vinsæll, finn þroskandi leikur, maður kaupir reyndar áskrift mánuð, 6 mán, 1 ár

*pop tropica <http://www.poptropica.com/>

*hreyfileikir eins og A move og Hi fi

Mikilvægt er að skólarnir taki tölvunotkun og örugga netnotkun inn / netöryggisdagur – taka þetta inn í lífsleiknitíma. Í samskiptum á netinu eiga að gilda sömu reglur og um samskipta manna almennt. Allt sem sett er inn verður ekki afmáð. Færst hefur td. í aukana að atvinnuveitendur láta gúgla þá sem sækja um vinnu, ýmislegt misjafnt getur komið upp sem getur hindrað einstaklinga í framtíðinni.

Auk ömmureglunnar er gott að hafa skýrt:

1. tölvunotkun bönnuð e.kl. 22.00

2. ekki tölvur inn í herbergi, alls ekki samþykkja það. (tölvur í alrými)

Þeir sem hafa ekki áhyggjur af tölvu- og netnotkun barna sinna ættu að kynna sér málið. Við hjá SAFT teljum ástæðu til að hafa áhyggjur og foreldrar eiga að gefa sér tíma til að kynna sér þessi mál sem fyrst ekki síðar en við 7 ára aldur og kenna börnum sínum góða tölvu og netsiði.

PS. Á næsta skólaári hyggst stjórn foreldrafélagsins endurtaka leikinn. Ástæða þykir að bjóða þá öllum foreldrum ekki bara foreldrum á mið- og unglingsstigi. Hafa þá jafnvel fræðslu – og umræðumorgunn frá 08-08.50. Fá fyrirlestur fyrir öll börn í skólanum frá 4. bekk og upp úr.